

Álagning fasteignagjalda 2016

Álagningu fasteignagjalda í Húnaþingi vestra árið 2016 er nú lokið.

Álagningarseðlar hafa verið sendir til fasteignaeigenda sem eru 67 ár og eldri og til fyrirtækja.

Vakin er athygli á að allir álagningarseðlar einstaklinga eru aðgengilegir á netsíðunni www.island.is undir „mínar síður“. Gjalddagar eru sex, þ.e. 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst. Eindagi er 30 dögum síðar. Þeir sem óska eftir að fá senda álagningarseðla á pappírsformi þurfa að hafa samband við skrifstofu Húnaþings vestra Hvammstangabraut 5, sími 455-2400

eða á netfang skrifstofa@hunathing.is

Einnig eru þeir sem vilja almennt **ekki** fá senda greiðsluseðla frá sveitarfélaginu vinsamlegast beðnir um að láta vita í síma 455-2400 eða á netfang skrifstofa@hunathing.is

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Húnavetska liðakeppnin

Keppt verður í fjórgang föstudaginn 19. febrúar í Þytsheimum.

Aðgangseyrir er 500 kr en frítt fyrir 12 ára og yngri. Sjá nánari upplýsingar og dagská þegar nær dregur á heimasíðu Þyts, 123.is/thytur.

Verðlaun fyrir 1. Sæti í öllum flokkum eru gefin af Ástund hestavöruverslun



Mótanefnd

SKVH er aðalstyrktaraðili Húnavetsku liðakeppninnar

Sláturhús KVH ehf.



SVEITARSTJÓRNARFUNDUR.

266. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra verður haldinn fimmtudaginn 11. febrúar 2016 kl. 15:00 í **félagsheimilinu Víðihlíð**.

Upplýsingar um dagskrá fundarins er að finna á heimasíðu Húnaþings vestra www.hunathing.is

Hvammstangi 8. febrúar 2016

Guðný Hrund Karlsdóttir
sveitarstjóri

Sjónaukinn

6. tbl 31. árg
10. - 16. feb 2016

Útg. Umf. Kormákur
Ábm. Pétur Arnarsson



Netfang: sjonaukinn@simnet.is Uppl. í síma 8482017

Söfnun fyrir nýju ómtæki á HVE -Hvammstanga Fjáröflunarskemmtun - Kótiletukvöld

Ágætu íbúar Húnaþings vestra

Söfnunin fyrir nýja ómtækinu hefur gengið mjög vel, en betur má ef duga skal.

Að frumkvæði Lionsklúbbsins Bjarma hafa nokkur félög og félagasamtök tekið höndum saman um að efna til fjáröflunarsamkomu í Félagsheimilinu á Hvammstanga laugardagskvöldið 5. mars n.k.

Auk Lkl. Bjarma hafa Karlakórinn Lóuprælar, Húsfreyjur á Vatnsnesi og Kvenfélagið Björk þegar ákveðið að leggja hönd á plóginn ásamt fleiri sjálfboðaliðum.

Snæddur verður hinn þjóðlegi réttur kótiletur í raspi ásamt tilheyrandi meðlæti. Skemmtikraftar úr héraði stíga á stökk.

Veislustjóri og skemmtikrafur verður hinn landspekkti Guðni Ágústsson.

Þetta verður allt betur auglýst þegar nær dregur, en takið daginn endilega frá. Ef þið lumið á góðu skemmtiatriði, eða viljið bjóða fram aðstoð hafið endilega samband við

Guðmund Hauk í síma 893 4378.

Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunar Hvammstanga hafa tekið að sér að vera fjárgæsluaðili söfnunarinnar og geta þeir sem vilja leggja okkur lið lagt framlög inn á reikning samtakanna merkt ómtæki:

Bankareikningur: 0159-15-200135 kennitala 711006-2140

Undirbúningsnefndin



Innilegar þakkir

Til allra þeirra
sem lögðu hönd á plóg við undirbúning og
framkvæmd þorablóts okkar þann

6. febrúar s.l.

og gerðu það svo veglegt sem raun varð.


Sérstaklega viljum við þakka þeim aðilum sem gáfu glæsilega
vinninga í happadrættið.

Þorablótsgestum þökkum við kærlega fyrir komuna.
Nefndin



Víðidalstungukirkja

Messa sunnudaginn 14. febrúar kl. 14
Íslendingasögur og Flateyjarbók er efni
messunnar. Sýnd verður bókargjöf sem
staðnum barst frá Noregi sl. sumar.



Almennur stjórnmálafundur

fimmtudaginn 11. febrúar nk. kl. 20:00
á Hlöðunni Hvammstanga.



Alþingismennirnir
Einar Kristinn Guðfinnsson og
Haraldur Benediktsson boða til
almenns stjórnmálafundar á
Hlöðunni Hvammstanga
fimmtudaginn 11. febrúar
nk. kl. 20:00

Allir velkomnir
Sjálfstæðisflokkurinn



FJÖLBRAUTASKÓLI NORÐURLANDS VESTRA
Á SAUÐÁRKRÓKI

Slátraranám við FNV

Slátraranám við FNV hefst helgina 12. og 13. mars.

Kenndir verða tveir áfangar um helgar á vorönn 2016.

Umræddar helgar eru: 12.-13. mars • 19.-20. mars • 9. apríl • 7.-8. maí • 14. maí

Kennt verður í gegnum fjarfundabúnað til Blönduóss, Hvammstanga og Hólmavíkur.

Skráning í síma 455-8000. Nánari upplýsingar fást hjá námsráðgjafa FNV.



FJÖLBRAUTASKÓLI NORÐURLANDS VESTRA
Á SAUÐÁRKRÓKI

Nám í fisktækni við FNV

Nám í fisktækni hefst að nýju á haustönn 2016. Námið verður kennt
í samstarfi við Farskólann og Fisktækniskóla Íslands. Bóklegar greinar verða
kenndar á kvöldin á virkum dögum en verklegar greinar um helgar þegar við á.

Kennt verður í gegnum fjarfundabúnað til Blönduóss, Hvammstanga og Hólmavíkur.

Skráning í síma 455-8000

Nánari upplýsingar fást hjá: Margrét Helga Hallsdóttir námsráðgjafi FNV 455-8000

Halldór B. Gunnlaugsson verkefnastjóri í Farskólanum 455-6013

